5. júlí 1953.
Að mestu sent útvarpinu.

Á kynningarsamkomu, sem ungmennafélögin í Skagafirði héldu á hinum gamla þingstað Litla Garði í Hegranesi sumarið 1945 flutti Eyþór Stefánsson ræðu þar sem hann drap á það ~~að~~ og gerði að tillögu sinni að Ungmennafélögin í Skagafirði minntust skáldsins og Skagfirðingsins Stephans G. Stephanssonar á veglegan hátt á aldarafmæli hans 1953 með því að reisa honum minnisvarða á ~~Arnarstapa~~ Skagafirði og yrði minnisvarði þessi fullgerður á því ári.

Tillaga þessi fékk strax hljómgrunn meðal viðstaddra ungmennafélaga og má segja að þá strax hafi þetta verið samþykkt í hugum fólksins þótt formlega væri það ekki gert þá.

Mál þetta var svo til umræðu innan ungmennafélaganna veturinn 1945-46 og kom fyrir aðalfund Sambandsins 1946 og var þá kosin þriggja manna nefnd til að annast um framgang málsins. Nefndina skipuðu þeir Eyþór Stefánsson formaður, Guðjón Ingimundarson og Óskar Magnússon. Nam nefndin nú að undirbúningi málsins

og leitaði til Ríkarðar Jónssonar myndhöggv-ara um gerð minnismerkisins og tillögum þess.

Á aðalfundi Ungmennasambandsins 24. ap. 1948 var svo endanlega samþykkt tillaga þess efnis að minnisvarðinn yrði reistur á Arnarstapa ~~og að gerð hans yrði~~ og að farið yrði eftir tillögum Ríkarðar Jónssonar um gerð hans. Sama (sömu menn.) nefnd, hafði unnið að þessu máli frá upphafi.

Árið 1949 hafði Ríkarður Jónsson gert „model" af fyrirhuguðum minnisvarða og samþ. aðalf. það þá að byggt skyldi eftir modeli þessu og hefur þeirri stefnu verið haldið. Þá voru ungmennafélögin hvött til fjáröflunar til framgangs málefni þessu og einnig lýst yfir að þakksam-lega yrðu þegin framlög þeirra er áhuga hefðu á þessu máli hvort sem þeir væru innanhéraðs eða utan. Enda bárust þá þegar nokkrar fjárupphæðir frá ~~aðdáendum~~ einstökum aðdáendum skáldsins. Ungmennafélögin og Ste. G. nefndin unnu að

fjáröflun með samkomuhaldi og á ýmsan annan hátt.

Árið 1950 var fjölgað um tvo menn í nefndinni og komu þá til viðbótar þeim sem áður eru nefndir þeir Ólafur Sigurðsson og Gísli Stefánsson Mikley. Á þessu ári réði nefndin sér til aðstoðar og fulltrúa í Reykjavík Kára Sigurðsson enda hafði hann áður sýnt sérstakan áhuga fyrir framgangi þess.

Þegar kom fram á árið 1951 var frekari fjáröflun hafin svo sem með útgáfu ~~merkja~~ silfurmerkja, sem eru smekkleg mynd af vörð-unni, ~~og~~ hafa þau selst ~~att~~ vel og eru nú til sölu allvíða. Á þessu ári var skipun nefndarinnar óbreytt frá fyrra ári.

Á sambandsfundi 1952 var sú breyting gerð á nefndinni að í stað Ólafs Sigurðssonar kom Hróbjartur Jónasson. Á því ári var áfram unnið á sömu braut og áður.

Á s.l. vori ~~dó einn nefn~~ ~~lézt einn~~
lézt Gísli Stefánsson frá Mikley. 2) Sýnir það best áhuga hans fyrir þessu málefni að 1) hann gaf 10 þús kr. dánargjöf til minni-

varðans. Enda var hann hvorttveggja í senn einlægur aðdáandi Stephans G og skeleggur félagsmaður hvort sem starfað var innan ungmennafélaganna eða annarra félagssam-taka í héraðinu.

Þann 24. júní s.l. var hafist handa um framkvæmdir og er stefnt að því að verkinu verði lokið svo snemma að afhjúpun varðans geti farið fram 19. júlí ~~og þar nú~~, eða áður en þeir Vestur-Íslendingar sem nú eru hér staddir fara ~~af landi burt~~ til Vesturheims.

Í Stephans G. nefnd eru nú: Eyþór Stefánsson form. Guðjón Ingimundarson, Hróbjartur Jónasson Magnús Gíslason og Óskar Magnússon.

Alþingi og sýslunefnd.